

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Alþingi  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 20.4.2020  
Tilvísun: 202003-0031/42-0 Umsagnir almennt  
TB  
tb


**Efni:** Frumvarp til laga um Orkusjóð, 639. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 21. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um framvarp til laga um Orkusjóð, 639. Mál.

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu er verið að setja ný lög um Orkusjóð og skilgreina hlutverk sjóðsins betur og fella niður samsvarandi grein í lögum um Orkusjóð úr lögum um Orkustofnun. Í 2. gr. frumvarpsins er gerð grein fyrir hlutverki sjóðsins og skal sjóðurinn m.a. styðja orkutengd verkefni á grundvelli orkustefnu, nýsköpunarstefnu, byggðastefnu og stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum.

Náttúrufræðistofnun telur, í ljósi nýs hlutverks sjóðsins hvað varðar loftslagsmál svo og m.a. vegna þess að uppi eru nú hugmyndir um fjölda vindorkugarða, að sjóðurinn eigi einnig að getastatt orkutengd verkefni sem stuðla að eða taka tillit til náttúruverndarstefnu stjórnvalda. Þessu tengt ætti einnig að skoða hvort ekki sé eðlilegt að umhverfis- og auðlindaráðuneytið eigi beina aðild að stjórn sjóðsins.

Virðingarfyllst,

  
Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeilda

